NÁMSGREIN: MYNDMENNT / SJÓNLISTIR

KENNSLUYFIRLIT- 3.BEKKUR

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla og verkleg vinna

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- *Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.*
- *Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.*
- *Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.*
- *Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.*
- *Skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna.*
- *Sett sér með aðstoð markmið í námi.*

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í þrískiptum lotum:	Hugmyndabók Klippimynd Litafræði- litablöndun, heitt, kalt, andstæðir litir samstæðir litir Litafræði - málun Litir og form Listasaga og umræður um myndverk. Orðaforði	Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim. Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna hugmyndir og verkefni í hana Virkja ímyndunaraflið Geti sagt frá eigin sköpunarverki. Búa til furðuverur /ævintýrapersónu úr marglitum pappírsafgöngum Þekki möguleika litanna og merkingu þeirra: Geti nýtt sér og unnið með liti á marga vegu og þekki orðin: Litahringurinn, frumlitir litablöndun, heitir og kaldir litir, andstæðir litir, samstæðir litir. Verkefni unnin í hugmyndabók Þekki möguleika litanna og merkingu þeirra. Unnið m.a. með blóm í íslenskri náttúru og þjóðarblóm ýmissa landa. Teikna blóm og mála síðan myndina Gera tilraunir með liti og form. Samvinnumynd Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn. Læri þau orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með	Geti: Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. Fjallað um eigin verk og annarra. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt, Þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið